

í 10. gr., VII. tölulið, o-staflið og viðauka 1 með reglugerð þessari; klóramfeníkól, samtengd efnasambönd með verkan kynhormóna, skjaldkirtilslyf.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12 þ.m. staðfest uppdrátt af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kjósarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorpheimtu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn sér um að flytja reglulega sorp og úrgang frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Selfossi, sbr. þó 5. gr.

Flutning sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

2. gr.

Sorp og úrgang, sem fellur til daglega skal setja í sérstakt sorpilát, sem bæjarfélagið lætur í té.

Þar sem notast er við pokakerfi skal komið fyrir sérstökum grindum eða tunnum og skulu húseigendur leggja það til og kosta. Lok skulu vera á öllum sorpilátum nema þar sem grindur eru undir sorprennum.

Um gerð, frágang og staðsetningu sorpgeymslna, sorpgrinda, sorptunna og sorpkista skal farið að fyrirmælum byggingafulltrúa og bygginganefndar annars vegar og heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar hins vegar.